

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014, frístundabyggð í landi Króks í Grafningi.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 8. mars 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014, frá 28. apríl 2003.

Breytingin felst í því að landbúnaðarsvæði í landi Króks í Grafningi breytist í svæði fyrir frístundabyggð og opið svæði til sérstakra nota. Svæðið er á norðurhluta jarðarinnar og austan núverandi frístundabyggðar austan Ölfusvatnsár. Á svæðinu er gert ráð fyrir um 200 frístundahúsum og 9 holu golfvelli.

Skipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 8. mars 2007.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 26. mars 2007